

Sp. 397. Tillaga til þingsályktunar

um stuðning til sildarútvegsmanna til útgerðar á næsta sumri.

Flm.: Ólafur Thors, Sigurður Kristjánsson, Pétur Ottesen,
Jóhann Jósefsson, Thor Thors.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um, að sildarútvegsmenn hljóti fjárhagslegan stuðning til útvegunar veiðarfæra og annara nauðsynja til sildarútgerðar á næsta sumri.

Á s t æ ð u r.

Eins og nú horfir við, er nauðsynlegt, að stuðlað sé að því eftir megni, að þeir, sem gera vilja út á sild í sumar, fái aðstöðu til þess, og telja flutningsmenn, að réttmætt sé, að ríkisvaldið stuðli að því eftir megni.

Nú er svo ástætt um marga skipaeigendur, að þeir eiga erfitt með að afla sér veiðarfæra og annars til þessa atvinnurekstrar. Þótt þeir eigi ráð á skipakosti, og miðar tillagan að því að ráða bót á þeim vandkvæðum útvegsmanna.

Nánar í framsögu.